

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1110****2021/EES/78/19****frá 22. júní 2017**

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og málsmeðferð við veitingu starfsleyfa til þeirra sem bjóða gagnaskýrsluþjónustu og tengdar tilkynningar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 61. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Rétt þykir að kveða á um sameiginleg stöðluð eyðublöð, sniðmát og málsmeðferð til að tryggja sameiginlegan skilning og framkvæmd lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna við veitingu starfsleyfis að því er varðar gagnaskýrsluþjónustu sem og til að tryggja skilvirkt upplýsingaflæði. Til að auðvelda samskipti milli umsækjanda og lögbærs yfirvalds ættu lögbær yfirvöld að skípa tengilið og birta upplýsingar um þann tengilið á vefsetri sínu.
- 2) Skipulagskröfur fyrir viðurkenndar birtingarþjónustur, þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar og viðurkennd skýrslugjafarkerfi eru að sumu leyti ólíkar hver annarri. Þar af leiðandi ætti umsækjanda einungis að vera skylt að láta fylgja með umsókn sinni þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að meta umsóknina um þá gagnaskýrsluþjónustu sem hann hyggst veita.
- 3) Til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að meta hvort breytingar á stjórn og framkvæmdastjórn hjá veitanda gagnaskýrsluþjónustu geti ógnað skilvirkri, traustri og varfærinni stjórnun gagnaskýrsluþjónustunnar og til að taka tillit til hagsmuna viðskiptavina hennar og heilleika markaðarins á fullnægjandi hátt, þykir rétt að setja fram skýr tímamörk fyrir framlagningu upplýsinga um þær breytingar.
- 4) Veitendur gagnaskýrsluþjónustu ættu að geta lagt fram upplýsingar um breytingu á stjórn og framkvæmdastjórn eftir að sú breyting tekur gildi ef breytingin er vegna þátta sem veitandi gagnaskýrsluþjónustunnar fær ekki ráðið við.
- 5) Nauðsynlegt er, til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaðsins, að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og ákvæðin sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/65/ESB komi til framkvæmda frá og með sama degi.
- 6) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 7) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur ekki greint mögulegan, tengdan kostnað og ávinning þar sem það væri ekki í samræmi við umfang og áhrif þeirra.
- 8) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leitaði eftir áliti hagsmunahóps á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽²⁾,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 162, 23.6.2017, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjttíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skipun tengiliðar

Lögbær yfirvöld skulu skipa tengilið sem hefur umsjón með öllum upplýsingum sem berast frá umsækjendum um starfsleyfi sem veitandi gagnaskýrsluþjónustu. Samskiptaupplýsingar skipaðs tengiliðar skulu gerðar opinberar og uppfærðar reglulega á vefsetri hinna lögbæru yfirvalda.

2. gr.

Upplýsingagjöf og tilkynningar til lögbærs yfirvalds

1. Umsækjandi um starfsleyfi til að veita gagnaskýrsluþjónustu samkvæmt ákvæðum V. bálks tilskipunar 2014/65/ESB skal veita lögbæra yfirvaldinu allar upplýsingar í samræmi við 2. mgr. 61. gr. tilskipunar 2014/65/ESB með því að fylla út umsóknareyðublaðið sem sett er fram í I. viðauka.
2. Umsækjandinn skal veita lögbæra yfirvaldinu upplýsingar um alla aðila sína í stjórn og framkvæmdastjórn með því fylla út tilkynningareyðublaðið sem sett er fram í II. viðauka.
3. Umsækjandinn skal tilgreina með skýrum hætti í umsókn sinni til hvaða tilteknu kröfu ákvæðanna í V. bálki tilskipunar 2014/65/ESB hann vísar og í hvaða skjali sem fylgir umsókn hans þær upplýsingar er að finna.
4. Umsækjandinn skal tilgreina í umsókn sinni hvort einhver tiltekin krafa samkvæmt ákvæðum V. bálks tilskipunar 2014/65/ESB eða framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/571 ⁽¹⁾á ekki við um gagnaskýrsluþjónustuna sem hann sækir um starfsleyfi fyrir.
5. Lögbær yfirvöld skulu tilgreina á vefsetrum sínum hvort leggja eigi fram tilhlýðilega útfyllt umsóknareyðublöð, tilkynningar og tengdar viðbótarupplýsingar á pappírformi, rafrænu formi, eða hvoru tveggja.

3. gr.

Móttaka umsóknar

Innan 10 virkra daga frá móttöku umsóknar skal lögbæra yfirvaldið senda umsækjandanum, á pappírformi, rafrænu formi, eða hvoru tveggja, staðfestingu á móttöku, þ.m.t. á samskiptaupplýsingum skipaðs tengiliðar skv. 1. gr.

4. gr.

Beiðnir um viðbótarupplýsingar

Lögbæru yfirvaldi er heimilt að senda umsækjandanum beiðni um upplýsingar sem tilgreinir hvaða viðbótarupplýsinga er þörf til að halda áfram mati umsóknarinnar.

⁽¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/571 frá 2. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um starfsleyfi, skipulagskröfur og birtingu viðskiptaupplýsinga fyrir veitendur gagnaskýrsluþjónustu (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 126).

*5. gr.***Tilkynningar um breytingar á stjórn og framkvæmdastjórn**

1. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu, á pappírformi, rafrænu formi eða hvoru tveggja, um allar breytingar á stjórn og framkvæmdastjórn sinni áður en þær taka gildi.

Séu gild rök fyrir því að ekki sé unnt að tilkynna um slíka breytingu áður en hún tekur gildi skal það gert innan 10 virkra daga frá breytingunni.

2. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu skal veita upplýsingar um breytinguna sem um getur í 1. mgr. með því að fylla út tilkynningareyðublaðið sem sett er fram í III. viðauka.

*6. gr.***Tilkynningar um ákvarðanir um að veita eða synja um starfsleyfi**

Lögbæra yfirvaldið skal upplýsa umsækjandann, á pappírformi, rafrænu formi eða hvoru tveggja, um ákvörðun sína um að veita eða synja um starfsleyfi.

*7. gr.***Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. janúar 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Umsóknareyðublað um starfsleyfi til að veita gagnaskýrsluþjónustu

Tilvísunarnúmer:

Dagsetning:

Frá:

Heiti umsækjanda:

Heimilisfang:

Auðkenni lögaðila (ef við á)

(Samskiptaupplýsingar skipaðs tengiliðar hjá umsækjanda)

Fullt nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

Til:

Aðildarríki:

Lögbært yfirvald:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar skipaðs tengiliðar hjá lögbæru yfirvaldi)

Heimilisfang:

Sími:

Tölvupóstfang:

Kæri/kæra [færa inn viðkomandi nafn]

Í samræmi við 2. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1110 (*) er hjálögð umsókn um starfsleyfi.

— Einstaklingur hjá umsækjanda sem hefur með höndum að útbúa umsóknina:

Fullt nafn:

Staða:

Sími:

Tölvupóstfang:

Dagsetning:

Undirskrift:

— Umsókn um (hakið í viðeigandi reit):

- starfsleyfi – viðurkennd birtingarþjónusta (APA)
- starfsleyfi – þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar (CTP)
- starfsleyfi – viðurkennt skýrslugjafarkerfi (ARM)

Efni

Færið inn upplýsingarnar sem um getur í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/571 ^(?). Setja skal fram þessar upplýsingar í viðeigandi hluta eða vísa til viðeigandi viðauka sem hafa að geyma upplýsingarnar.

Upplýsingar um fyrirtækið (2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/571)

.....

Upplýsingar um stjórnarhætti (3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/571)

.....

Upplýsingar um hagsmunaárekstra (5. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/571)

.....

Upplýsingar um útvistun (6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/571)

.....

Upplýsingar um rekstrarsamfellu og varakerfi (7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/571)

.....

Upplýsingar um prófanir og afkastagetu (8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/571)

.....

Upplýsingar um öryggi (9. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/571)

.....

Upplýsingar um meðhöndlun viðurkenndrar birtingarþjónustu eða þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar á ófullgerðum eða hugsanlega röngum upplýsingum (10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/571)

.....

Upplýsingar um meðhöndlun viðurkennds skýrslugjafarkerfis á ófullgerðum eða hugsanlega röngum upplýsingum (11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/571)

.....

Upplýsingar um tengingar viðurkenndra skýrslugjafarkerfa (12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/571)

.....

Upplýsingar um aðra þjónustu sem þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar (CTP) veita (13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/571)

.....

Upplýsingar um fyrirkomulag opinberrar birtingar (3. kafli framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/571)

.....

Athugasemdir:

- (1) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1110 frá 22. júní 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og málsmeðferð við veitingu starfsleyfa til þeirra sem bjóða gagnaskýrsluþjónustu og tengdar tilkynningar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga (Stjtið. ESB L 162, 23.6.2017, bls. 3).
- (2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/571 frá 2. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um starfsleyfi, skipulagskröfur og birtingu viðskiptaupplýsinga fyrir veitendur gagnaskýrsluþjónustu (Stjtið. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 126).

II. VIÐAUKI

Eyðublað til að afhenda lista yfir aðila í stjórn og framkvæmdastjórn

Tilvísunarnúmer:

Dagsetning:

Frá:

Heiti umsækjanda:

Heimilisfang:

Auðkenni lögaðila (ef við á):

(Samskiptaupplýsingar skipaðs tengiliðar hjá umsækjanda)

Fullt nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

Til:

Aðildarríki:

Lögbært yfirvald:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar skipaðs tengiliðar hjá lögbæru yfirvaldi)

Heimilisfang:

Sími:

Tölvupóstfang:

Kæri/kæra [færa inn viðkomandi nafn]

Í samræmi við 2. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1110 (1) er hjálögð tilkynning um aðila í stjórn og framkvæmdastjórn.

— Einstaklingur hjá umsækjanda sem hefur með höndum að útbúa umsóknina:

Fullt nafn:

Staða:

Sími:

Tölvupóstfang:

Dagsetning:

Undirskrift:

— Listi yfir aðila í stjórn og framkvæmdastjórn:

Aðili 1

Fullt nafn

Fæðingardagur og -ár og fæðingarstaður

Landsbundin kennitala eða samsvarandi

Heimilisfang:

Samskiptaupplýsingar (sími og tölvupóstfang).....

Staða

Ferilskrá fylgir umsókn: Já/Nei

Starfsreynsla og önnur viðeigandi reynsla

Menntun og viðeigandi þjálfun

Sakavottorð meðfylgjandi þessari umsókn EÐA eigin yfirlýsing um gott orðspor og heimild til handa lögbæra yfirvaldinu til eftirgrenslunar skv. d-lið 4. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/571 ⁽²⁾

Eigin yfirlýsing um gott orðspor og heimild til handa lögbæra yfirvaldinu til eftirgrenslunar skv. e-lið 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/571

Lágmarkstími (hér um bil) sem einstaklingurinn mun verja til að gegna starfi sínu hjá veitanda gagnaskýrsluþjónustunnar

Yfirlýsing um alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem kunna að vera til staðar eða koma upp við að gegna skyldunum og hvernig þessar árekstrar eru meðhöndlaðir

Viðbótarupplýsingar sem skipta máli fyrir mat á því hvort aðilinn hefur nægjanlega gott orðspor, búi yfir nægjanlegri þekkingu, hæfni og reynslu og verji nægum tíma til að gegna starfsskyldunum skv. 3. mgr. 63. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB⁽³⁾

Gildistökudagur

[Veita skal þessar upplýsingar hér eða útskýra hvernig þær verða veittar eða vísa til viðeigandi viðauka sem innihalda upplýsingarnar]

Aðili [N]

Fullt nafn

Fæðingardagur og -ár og fæðingarstaður

Landsbundin kennitala eða samsvarandi

Heimilisfang:

Samskiptaupplýsingar (sími og tölvupóstfang).....

Staða

Ferilskrá fylgir umsókn: Já/Nei

Starfsreynsla og önnur viðeigandi reynsla

Menntun og viðeigandi þjálfun

Sakavottorð meðfylgjandi umsókn EÐA eigin yfirlýsing um gott orðspor og heimild til handa lögbæra yfirvaldinu til eftirgrenslunar skv. d-lið 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/571

Eigin yfirlýsing um gott orðspor og heimild til handa lögbæra yfirvaldinu til eftirgrenslunar skv. e-lið 4. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/571 ⁽²⁾

Lágmarkstími (hér um bil) sem einstaklingurinn mun verja til að gegna starfi sínu hjá veitanda gagnaskýrsluþjónustunnar.....

Yfirlýsing um alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem kunna að vera til staðar eða koma upp við að gegna skyldunum og hvernig þessir árekstrar eru meðhöndlaðir

Viðbótarupplýsingar sem skipta máli fyrir mat á því hvort aðilinn hafi nægjanlega gott orðspor, búi yfir nægjanlegri þekkingu, hæfni og reynslu og verji nægum tíma til að gegna starfsskyldunum sem um getur í 3. mgr. 63. gr. tilskipunar 2014/65/ESB

Gildistökudagur

Athugasemdir:

- (1) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1110 frá 22. júní 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublað, sniðmát og málsmeðferð við veitingu starfsleyfa til þeirra sem bjóða gagnaskýrsluþjónustu og tengdar tilkynningar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga (Stjtið. ESB L 162, 23.6.2017, bls. 3).
- (2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/571 frá 2. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um starfsleyfi, skipulagskröfur og birtingu viðskiptaupplýsinga fyrir veitendur gagnaskýrsluþjónustu (Stjtið. ESB L 187, 31.3.2017, bls. 126).
- (3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

III. VIÐAUKI

Eyðublað til að tilkynna um breytingar á stjórn og framkvæmdastjórn

Tilvísunarnúmer:

Dagsetning:

Frá:

Heiti veitanda gagnaskýrsluþjónustunnar:

Heimilisfang:

Auðkenni lögaðila (ef við á):

(Samskiptaupplýsingar skipaðs tengiliðar hjá veitanda gagnaskýrsluþjónustunnar)

Fullt nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

Til:

Aðildarríki:

Lögbært yfirvald:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar skipaðs tengiliðar hjá lögbæru yfirvaldi)

Heimilisfang:

Sími:

Tölvupóstfang:

Kæri/kæra [færa inn viðkomandi nafn]

Í samræmi við 4. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1110 (1) er hjálögð tilkynning um breytingar á stjórn og framkvæmdastjórn.

— Einstaklingur hjá veitanda gagnaskýrsluþjónustu sem hefur með höndum að útbúa tilkynninguna:

Fullt nafn:

Staða:

Sími:

Tölvupóstfang:

Dagsetning:

Undirskrift:

— Upplýsingar um þá sem ganga úr stjórn eða framkvæmdastjórn

Aðili 1

Fullt nafn

Samskiptaupplýsingar (sími og tölvupóstfang)

Staða

Gildistökudagur úrgöngu úr stjórn eða framkvæmdastjórn

Ástæður úrgöngu úr stjórn eða framkvæmdastjórn

Aðili [N]

Fullt nafn

Samskiptaupplýsingar (sími og tölvupóstfang)

Staða

Gildistökudagur úrgöngu úr stjórn eða framkvæmdastjórn

Ástæður úrgöngu úr stjórn eða framkvæmdastjórn

— Upplýsingar um nýjan aðila í stjórn eða framkvæmdastjórn

Aðili 1

Fullt nafn

Fæðingardagur og -ár og fæðingarstaður

Landsbundin kennitala eða samsvarandi

Heimilisfang:.....

Samskiptaupplýsingar (sími og tölvupóstfang)

Staða

Ferilskrá fylgir umsókn: Já/Nei

Starfsreynsla og önnur viðeigandi reynsla

Menntun og viðeigandi þjálfun

Sakavottorð meðfylgjandi þessari umsókn EÐA eigin yfirlýsing um gott orðspor og heimild til handa lögbæra yfirvaldinu til eftirgrenslunar skv. d-lið 4. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/571 ⁽²⁾Eigin yfirlýsing um gott orðspor og heimild til handa lögbæra yfirvaldinu til eftirgrenslunar skv. e-lið 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/571 ⁽²⁾

Lágmarkstími (hér um bil) sem einstaklingurinn mun verja til að gegna starfi sínu hjá veitanda gagnaskýrsluþjónustunnar

Yfirlýsing um alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem kunna að vera til staðar eða koma upp við að gegna skyldunum og hvernig þessir árekstrar eru meðhöndlaðir

Viðbótarupplýsingar sem skipta máli fyrir mat á því hvort aðillinn hafi nægjanlega gott orðspor, búi yfir nægjanlegri þekkingu, hæfni og reynslu og verji nægum tíma til að gegna starfsskyldunum sem um getur í 3. mgr. 63. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ⁽³⁾

Gildistökudagur

[Veita skal þessar upplýsingar hér eða útskýra hvernig þær verða veittar eða vísa til viðeigandi viðauka sem innihalda upplýsingarnar]

Aðili [N]

Fullt nafn

Fæðingardagur og -ár og fæðingarstaður

Landsbundin kennitala eða samsvarandi

Heimilisfang:.....

Staða

Ferilskrá fylgir umsókn: Já/Nei

Starfsreynsla og önnur viðeigandi reynsla

Menntun og viðeigandi þjálfun

Sakavottorð meðfylgjandi umsókn EÐA eigin yfirlýsing um gott orðspor og heimild til handa lögbæra yfirvaldinu til eftirgrenslunar skv. d-lið 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/571

Eigin yfirlýsing um gott orðspor og heimild til handa lögbæra yfirvaldinu til eftirgrenslunar skv. e-lið 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/571

Lágmarkstími (hér um bil) sem einstaklingurinn mun verja til að gegna starfi sínu hjá veitanda gagnaskýrsluþjónustunnar

Yfirlýsing um alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem kunna að vera til staðar eða koma upp við að gegna skyldunum og hvernig þessir árekstrar eru meðhöndlaðir

Viðbótarupplýsingar sem skipta máli fyrir mat á því hvort aðilinn hafi nægjanlega gott orðspor, búi yfir nægjanlegri þekkingu, hæfni og reynslu og verji nægum tíma til að gegna starfsskyldunum sem um getur í 3. mgr. 63. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

Gildistökudagur

[Veita skal þessar upplýsingar hér eða útskýra hvernig þær verða veittar eða vísa til viðeigandi viðauka sem innihalda upplýsingarnar]

— Tæmandi og uppfærður listi yfir aðila í stjórn og framkvæmdastjórn:

Nafn	Staða	Gildistökudagur

Athugasemdir:

- (1) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1110 frá 22. júní 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og málsmeðferð við veitingu starfsleyfa til þeirra sem bjóða gagnaskýrsluþjónustu og tengdar tilkynningar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga (Stjtið. ESB L 162, 23.6.2017, bls. 3).
- (2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/571 frá 2. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um starfsleyfi, skipulagskröfur og birtingu viðskiptaupplýsinga fyrir veitendur gagnaskýrsluþjónustu (Stjtið. ESB L 187, 31.3.2017, bls. 126).
- (3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).